

Svar

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn frá Árna Þór Sigurðssyni um innheimtu gjalda fyrir þjónustu heilbrigðisstofnana.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hver er fjárhæð óinnheimtra og óinnheimtanlegra gjalda fyrir þjónustu heilbrigðisstofnana árin 2011–2013, skipt á einstök ár, stofnanir og tegund gjalda?*
2. *Hversu háar fjárhæðir eru afskrifaðar ár hvert af álögðum gjöldum fyrir þjónustu heilbrigðisstofnana?*
3. *Hversu gamlar eru þessar kröfur að jafnaði þegar þær eru afskrifaðar?*

Við samningu svarsins var aðallega stuðst við upplýsingar frá heilbrigðisstofnunum og ORRA, bókhaldskerfi ríkisins. Tegundarlyklar bókhaldsins gefa ekki möguleika á að greina á milli tekna af sölu heilbrigðisþjónustu til sjúkratryggðra og ósjúkratryggðra einstaklinga, til fyrirtækja eða annarra stofnana. Af þessum sökum eru tekjur stofnana af sjúklingagjöldum áætlaðar, en gjöld fyrir þjónustu sem er veitt á heilsugæslustöðvum og sjúkrahúsum eru almennt ákvörðuð í reglugerð nr. 1100/2012, um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði við heilbrigðisþjónustu.

Í eftirfarandi töflu má sjá áætlaðar tekjur stofnana af þjónustu við sjúklinga fyrir árin 2011 og 2012 og fyrir fyrstu níu mánuði ársins 2013. Þar má einnig sjá stöðu á óinnheimtum kröfum, eftir aldri og áætlun um niðurfærslu þeirra samkvæmt upplýsingum frá stofnunum.

Að jafnaði greiða um 80% sjúklinga gjöld sín á staðnum, 20% gjaldanna fara því alla jafna í innheimtu, svo sem í formi greiðsluseðla. Ekki fengust sambærilegar upplýsingar frá stofnunum um skiptingu tekna eftir tegundum, svo sem vegna komu á bráða- eða göngudeild, vegna rannsókna og röntgen og vegna komu á heilsugæslustöð svo að helstu tegundir séu nefndar. Samkvæmt upplýsingum frá Landspítala eru um 68% tekna vegna koma á slysa-, bráða- og göngudeildir, u.þ.b. 23% vegna koma í myndgreiningu (röntgen) og um 9% eru tekjur af rannsóknum. Samkvæmt upplýsingum frá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og heilsugæslunni á Akureyri eru u.þ.b. 45% teknanna vegna komugjalda, 29% vegna læknisvottorða og um 17% vegna rannsókna.

Alngengt er að afskrifa kröfur sem eru orðnar þriggja til fjögurra ára gamlar.

Viðfang stofnunar	Áætlaðar tekjur stofnana vegna þjónustu við einstaklinga (1)			Óinnheimtar viðskiptakröfur einstaklinga (2)			Niðurfærsla viðskiptakrafna, hlutfall af þjónustugjöldum (3)			Niðurfærsla viðskiptakrafna, hlutfall af þjónustugjöldum (4)		
	2011	2012	Jan-sept. 2013	2011	2012	Jan til sept. 2013	2011 og eldra	2012	Jan til sept. 2013	2011 og eldra	2012	Jan til sept. 2013
08-358 Sjúkrahúsið á Akureyri	186,9	172,4	157,2	2,2	2,0	9,2	2,3	0,6	0,7	1,2%	0,4%	0,4%
08-373 Landspítali	864,7	903,6	492,4 a)	47,2	60,8	102,0 a)	49,3	20,1	7,7 a)	5,7%	2,2%	1,6% a)
08-506 Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu	409,4	432,7	342,3	3,5	3,7	5,1	1,8	1,2	0,4	0,4%	0,3%	0,1%
08-553 Heilsugæslan á Akureyri	46,9	47,2	33,7	0,1	0,1	0,3	0,1	0,1	0,1	0,2%	0,2%	0,2%
08-716 Heilbrigðisstofnun Vesturlands	164,6	172,7	176,3	33,2	29,2	27,2	6,5	4,0	1,5	4,0%	2,3%	0,9%
08-721 Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði	4,0	4,1	3,4	0,3	0,2	0,1	0,0	0,0	0,0	1,1%	0,0%	0,0%
08-726 Heilbrigðisstofnun Vestfjarða	56,3	57,3	41,6		2,6	b)	-	-	-	-	-	-
08-745 Heilbrigðisstofnunin Blönduósi	46,5	49,6	35,4	0,8	0,3	0,3	-	-	-	-	-	-
08-751 Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki	70,0	75,2	51,9	0,1	0,2	0,7	0,1	0,1	0,4	0,1%	0,2%	0,7%
08-756 Heilbrigðisstofnunin Fjallabyggð	12,4	13,3	10,3	0,0	0,0	0,3	0,1	0,0	0,0	0,5%	0,0%	0,0%
08-777 Heilbrigðisstofnun Austurlands	134,9	135,7	112,8	0,3	0,7	8,0	1,8	2,8	0,5 c)	1,3%	2,1%	0,5%
08-781 Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum	32,7	35,6	27,6	1,7	3,1	0,1	0,0	0,0	0,0	0,0%	0,0%	0,1%
08-787 Heilbrigðisstofnun Suðurlands	212,0	246,0	195,2	-	17,2	17,7 c)	1,3	1,1	-	0,6%	0,5%	-
08-791 Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	114,8	127,3	95,4	0,9	3,3	2,9	0,7	2,6	0,0	0,6%	2,1%	0,0%
Samtals tekjur vegna sjúklunga:	2.356,3	2.472,6	1.775,4	90,2	103,4	156,2	63,9	32,7	11,2	2,7%	1,3%	0,6%

1. Um er að ræða alla gjaldaflokka sem tilgreindir eru í reglugerð (nú nr. 1100/2012) velferðarráðherra um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði við heilbrigðisþjónustu.

2. Óinnheimtar viðskiptakröfur einstaklinga er staða á viðskiptakröfum í október 2013, skipt niður á aldur krafna samkvæmt upplýsingum frá stofnunum.

3. Áætlun um afskriftir krafna hvers árs samkvæmt stöðu þeirra í september 2013. Í sumum tilfellum er áætlun og raunafskriftir sama tala. Byggt á upplýsingum frá stofnunum.

4. Áætluð niðurfærsla sem hlutfall af þjónustugjöldum hvers árs, þ.e. hversu hátt hlutfall af innheimtu sjúklingagjalda er áætlað tapað.

a) Tölur Landspítalans vegna 2013 er fyrir tímabilið janúar til júní.

b) Upplýsingar fengust ekki um skiptingu niður á hvert ár

c) Samtala afskrifta og óinnheimtanlegra krafna skv. yfirliti